

drög að REGLUGERÐ um virkjunarkosti í verndar- og orkunýtingaráætlun.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi nær til landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna og gildir um virkjunarkosti sem óskað er eftir að verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar fjalli um skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

2. gr.

Beiðni um að verkefnisstjórn fjalli um virkjunarkost.

Beiðni um að verkefnisstjórn fjalli um virkjunarkost skal send Orkustofnun. Ef virkjunarkostur er að mati Orkustofnunar nægilega skilgreindur skal verkefnisstjórn fá hann til umfjöllunar. Orkustofnun getur einnig að eigin frumkvæði falið verkefnisstjórn að fjalla um virkjunarkosti.

3. gr.

Gögn sem fylgja þurfa beiðni um umfjöllun.

Eftirtalin gögn og upplýsingar skulu fylgja öllum beiðnum um umfjöllun um virkjunarkost:

- 1) mörk framkvæmdasvæðis,
- 2) staðsetning, útlínur og hæð helstu mannvirkja, s.s. borholur, stíflur, varnargarðar, vegir og stöðvarhús,
- 3) afl virkjunar,
- 4) orkugeta virkjunar,
- 5) stofn- og rekstrarkostnaður virkjunar,
- 6) hagkvæmniflokkur virkjunar,
- 7) nauðsynlegar háspennulínur, þ.m.t. gerð þeirra, lega og tenging við dreifikerfi,
- 8) upplýsingar um áætlaðan tengikostnað háspennilína við dreifikerfi,
- 9) upplýsingar um tiltækar rannsóknir um virkjunarstað.

Eftirtalin gögn og upplýsingar skulu fylgja beiðnum um umfjöllun um virkjun fallvatna:

- 1) mörk og yfirborðshæð uppistöðulóna,
- 2) áætluð vatnsborðssveifla í lónum í tíma og rúmi,
- 3) uppsöfnun aurs í lónum,
- 4) tíðni tæmingar lóna og aðferðir við tæmingu,
- 5) lágmarksrennsli í farvegi neðan virkjunar.

Eftirtalin gögn og upplýsingar skulu fylgja beiðnum um umfjöllun um virkjun háhitasvæða:

- 1) hversu sjálfbær virkjunin verður m.t.t. nýtingar og endingartíma,
- 2) áform um niðurdælingu, staðsetningu og aðferðir niðurdælingar,
- 3) kælivatn og förgun þess,
- 4) hversu mikil líkleg losun brennisteinsvetnis verður,
- 5) ríkjandi vindáttir á svæðinu.

Orkustofnun er ávallt heimilt að óska eftir frekari gögnum umfram það sem að framan greinir.

4. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Reglugerðin er sett að höfðu samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hvað varðar þátt Orkustofnunar.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Drög í vinnslu – 25. nóvember 2013